	Hafnarfjarðarbær
Innk:	09.03.2017
Málsnr:	1705/140
Erófa:	521.1



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Batterfíð arkitektar ehf.  
Sigurður Einarsson arkitekt  
Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfirði.

Reykjavík, 8. mars 2017  
Tilvísun: 2651 / 201703-0023

Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

Aðalgötu 23  
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

#### Austurgata 12, Hafnarfirði, endurbygging

Í tölvupósti 23. febrúar 2017 óskar Sigurður Einarsson arkitekt eftir álitni Minjastofnunar Íslands á áformum um endurbyggingu Austurgötu 12 í Hafnarfirði. Erindinu fylgir skýrsla Batterísins arkitekta ásamt uppmælingu, ástandsmati og tillögum um endurbyggingu hússins.


Húsið við Austurgötu 12 er reist árið 1872 og nýtur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr.. Austurgata 12 er með elstu húsum í Hafnarfirði og hefur mjög mikil varðveislugildi.


Lagt er til að húsið verði fært í sem næst upprunalegt horf. Jafnframt verið það flutt til innan lóðar, nær Austurgötu, eins og heimilt er sk. deiliskipulagi. Með því móti fær húsið betur notið sín en seinni tíma stórhýsi við Strandgötu þrengir að því á núverandi stað. Byggður verður nýr steinsteypur kjallari undir húsið með fullri lofthæð. Hlaðið verður utan á steyptan sökku með núverandi hleðslusteini kjallara. Grind hússins verður endurbætt og styrkt eftir þörfum. Ytri klæðningar, gluggar og hurðir verða endurnýjuð í anda upphaflegrar gerðar. Lögð verður steinskífa á þak og veggir klæddir listasúð.

*Minjastofnun Íslands fagnar metnaðarfullum áformum um endurbyggingu Austurgötu 12. Tillagan byggir á vandaðri grunnvinnu, greinargóðu mati á ástandi hússins og upphaflegri gerð þess. Minjastofnun heimilar hér með tilflutning hússins innan lóðar og endurbyggingu þess samkvæmt tillögum Batterísins arkitekta.*

*Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Guðný Gerður Gunnarsdóttir  
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

  
Pétur H. Ármannsson  
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti: Sigurður Einarsson ([sig.e@arkitekt.is](mailto:sig.e@arkitekt.is))